

## Niðurstöður aðalfundar Regins hf. 2020

Aðalfundur Regins hf. var haldinn klukkan 16:00, miðvikudaginn 11. mars 2020 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum fundarsal, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

### 1. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2019.

### 2. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2019:

Aðalfundur samþykkti að greiddur yrði arður til hluthafa vegna næstliðins reikningsárs að fjárhæð 0,30 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs útistandandi hlutafjár, samtals 535 millj. kr. Hlutabréf sem viðskipti eru með, frá og með 12. mars 2020, verða án arðsréttinda (arðleysisdagur). Miðað verður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 13. mars 2020 (arðsréttindadagur) hvað varðar rétt hluthafa til arðgreiðslu. Arður verður greiddur út þann 27. mars 2020 (arðgreiðsludagur). Að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu.

### 3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu:

Aðalfundur samþykkti framlagða starfskjarastefnu.

### 4. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum:

Samþykkt var tillaga stjórnar um að veita heimild til að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglugerð nr. 630/2005 (viðauki).

### 5. Breyting á samþykktum félagsins:

Samþykktur var viðauki við samþykktir félagsins í kjölfar samþykktar 4. dagskrárliðs.

Samþykkt var tillaga um lækkun á hlutafé um 43.091.859 kr. að nafnverði eða sem nemur 43.091.859 hlutum, til ógildingar eigin hluta. Við samþykkt þeirrar tillögu var gerð breyting á 4. gr. samþykta félagsins.

Samþykkt var tillaga um að kjósa ekki varastjórn í félaginu. Við samþykkt þeirrar tillögu var gerð breyting á 23. gr. samþykta félagsins.

### 6. Kosning félagsstjórnar:

Eftirfarandi einstaklingar voru sjálfkjörin í aðalstjórn til næsta aðalfundar:

Albert Þór Jónsson,  
Bryndís Hrafnkelsdóttir,  
Guðrún Tinna Ólafsdóttir,  
Heiðrún Emilía Jónsdóttir,  
Tómas Kristjánsson.

Ekki kom til kjörs í varastjórn í kjölfar samþykktar í 5. dagskrárlið.

### 7. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að Ernst & Young ehf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, yrði kjörið endurskoðunarfyrtæki félagsins í samræmi við tilmæli endurskoðunarnefndar til stjórnar um kjör ytri endurskoðanda í kjölfar útboðs.

**8. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum:**

Eftirfarandi aðilar voru sjálfkjörin í tilnefningarnefnd félagsins:  
Guðfinna S. Bjarnadóttir,  
Ína Björk Hannesdóttir,  
Sigurjón Pálsson.

**9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:**

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar að fenginni breytingatillögu frá stjórn félagsins:

Stjórnarformaður: 698.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 355.000 kr. á mánuði.

Ekki kom til ákvörðun til þóknunar fyrir varastjórn í kjölfar samþykktar á 5. dagskrárlið.

Seta í undirnefndum stjórnar:

Nefndarmaður í starfskjaranefnd: 30.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 80.000 kr. á mánuði.

Formaður endurskoðunarnefndar: 140.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. á mánuði.

Formaður tilnefningarnefndar: 90.000 kr. á mánuði.

**10. Önnur mál:**

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.